



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 22. nóvember, 2011

Ákvörðun nr. 37/2011

Ósk A-stöðvarinnar ehf., leigubifreiðastöðvar, um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka undir merki stöðvarinnar.

I.

Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá leigubifreiðastöðinni A-stöðinni ehf. (hér eftir A-stöðin), dags. 23. september 2011, þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir A-stöðina til að gefa út hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka undir merki hennar. Undanþágunnar er óskað á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sbr. bannákvæði í 10. og 12. gr. sömu laga. A-stöðin starfar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum og hefur aðstöðu fyrir leigubifreiðastjóra bæði í Keflavík og í Hafnarfirði.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 *Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag Íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út*, sem birt var 7. febrúar 2006, kvað á um að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem gefinn hafði verið út af Bandalagi Íslenskra leigubifreiðastjóra, BÍLS. Um langa hríð hafði það fyrirkomulag verið á gjaldtöku fyrir þjónustu leigubíla, að sameiginlegir hámarkstaxtar þeirra voru gefnir út af BÍLS að undangengnu samþykki verðlags- og síðar samkeppnisyfirvalda á verðbreytingum.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði sínum nr. 2/2006. Áréttað var í ákvörðuninni að eftir gildistöku hennar yrði fyrirtækjum sem rækju leigubifreiðar, þ.e. hverjum þeim sem ætti og ræki leigubifreið, hvort heldur sem væri frá leigubifreiðastöð eða á annan hátt, leigubifreiðastöðvum og samtökum leigubifreiðastjóra óheimilt að hafa með sér hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem færi gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Með þessari ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var fallið frá því fyrirkomulagi að verðlagning fyrir þjónustu leigubifreiða væri miðstýrð.

Með ákvörðun nr. 23/2006 féllst Samkeppniseftirlitið á ósk leigubifreiðastöðvar Hreyfils um heimild til að fá að gefa út hámarkstaxta fyrir bifreiðastjóra á stöðinni. Heimildin var tímabundin og veitt með skilyrðum um hvaða aðilar tækju ákvörðun um hámarks ökutaxtann annars vegar og um hvernig hann væri gerður sýnilegur farþegum leigubifreiðanna hins vegar. Með þessari ákvörðun Samkeppniseftirlitsins komst á það fyrirkomulag að leigubifreiðastöðvar gætu stundað samkeppni sín á milli með ólíkri verðlagningu fyrir þjónustu sína.



Í framhaldi af þessu hefur Samkeppniseftirlitið tekið aðrar sambærilegar ákvarðanir þar sem bifreiðastöðvum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið veitt sams konar undanþága, þar á meðal A-stöðinni. Þá tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 10/2007, þar sem eftirlitið hafnaði undanþágubeiðni Bifreiðastöðvar Oddeyrar, sem starfar á Akureyri og er eina leigubifreiðastöðin á því takmörkunarsvæði. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þá ákvörðun með úrskurði sínum nr. 3/2007.

II.

Í 10 gr. samkeppnislaga kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni séu bannaðar. Í 12 gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum. Í 15. gr. samkeppnislaga er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá bannákvæðum 10. og 12. gr.

Í máli þessu er að mati Samkeppniseftirlitsins um tvo markaði að ræða, þ.e. markað sem leigubifreiðastöðvar starfa á annars vegar og markað sem leigubifreiðastjórar starfa á hins vegar. Að mati Samkeppniseftirlitsins afmarkast báðir þessir markaðir á sama hátt landfræðilega, þ.e. landfræðilegur markaður bæði bifreiðastöðva og bifreiðastjóra er að mati eftirlitsins hinn sami í þessu máli, sbr. reglugerð nr. 397/2003 með síðari breytingum þar sem kveðið er á um fjölda leigubifreiðastjóra á svonefndu takmörkunarsvæði sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Á þessu takmörkunarsvæði starfa nú 5 leigubifreiðastöðvar. Þær eru Bifreiðastöðin Hreyfill, Bifreiðastöð Reykjavíkur (BSR), Borgarbílastöðin, Borgarleiðir og A – stöðin. Þá starfa að jafnaði um 560 leigubifreiðastjórar á svæðinu.

Upplýsingar frá Vegagerðinni um leigubifreiðastjóra á þessu takmörkunarsvæði gefa til kynna að markaðshlutdeild A-stöðvarinnar sé á bilinu 5 – 10%. Stærsta stöðin á takmörkunarsvæðinu er Hreyfill með á bilinu 60-70% markaðshlutdeild ef miðað er við fjölda leigubifreiða sem aka hjá stöðvunum og hefur markaðshlutdeildin verið nokkuð stöðug á undanförunum árum. Um nánari lýsingu á aðstæðum á mörkuðum þessum vísast til ákvörðunar nr. 23/2006, þar sem undanþágan var fyrst veitt.

III.

Samkeppniseftirlitið telur að þær forsendur sem lágu til grundvallar þeim undanþágum sem leigubílastöðvum á þessu svæði hafa verið veittar séu enn til staðar.

Með vísan til framanritaðs og einnig með vísan til nánari umfjöllunar í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins um þetta efni telur Samkeppniseftirlitið forsendu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga til þess að veita tímabundna undanþágu í máli þessu.

Telur Samkeppniseftirlitið rétt að veita A-stöðinni heimild, með neðangreindum skilyrðum, til að gefa út og birta hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem aka undir merkjum bifreiðastöðvarinnar til 31. desember 2014. Skilyrði fyrir heimild þessari eru eftirfarandi:

- 1) Að ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á A-stöðinni sé tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á A-stöðinni.



- 2) Að hámarks ökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu verði prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni A-stöðvarinnar. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.

Fyrri skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja að ákvörðun um hámarks ökutaxta sé tekin af félagi leigubifreiðastjóranna sjálfra. Síðara skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja það, gagnvart farþegum, að sá taxti sem ekið er eftir sé að hámarki hinn samræmdi taxti A-stöðvarinnar sem nýtur undanþáguheimildar Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið telur rétt að benda á að berist stofnuninni síðar ósk frá A-stöðinni um að undanþága þessi verði framlengd frekar munu ofangreind skilyrði og hugsanlega önnur skilyrði koma til skoðunar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið A-stöðinni ehf. heimild til að gefa út hámarks ökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem aka undir merkjum A-stöðvarinnar. Heimildin er veitt til 31. desember 2014 og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- 1) Að ákvörðun um hámarks ökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á A-stöðinni sé tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á A-stöðinni.
- 2) Að hámarks ökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu verði prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni A-stöðvarinnar. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson